



## Mánudaginn 4. júní 2012 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 20.30 á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Brynjólfur Friðriksson, Sveinfríður Halldórsdóttir, Sonja Suska, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Sigríður B. Aadnegard og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla skólastjóra.
3. Skóladagatal 2012-2013
4. Kennslutundakvóti skólaárið 2012-2013
5. Önnur mál.

### 1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 20.30 og bauð fundarmenn velkomna. Þakkaði hann sérstaklega starfsfólki Húnavallaskóla góð störf á liðnu skólaári.

### 2. Skýrsla skólastjóra.

Skólastjóri fór aðeins yfir vorverkefni í skólanum. Gróðursettar voru plöntur neðan við leikskólann. Skólastjóri gerði grein fyrir skólaferðalögum bekkjadeilda. Skólaslit voru 25. maí s.l.

### 3. Skóladagatal 2012-2013.

Skólastjóri lagði fram skóladagatal grunnskóla vegna skólaársins 2012-2013. Þar er gert ráð fyrir að skólaáttning verði 23. ágúst 2012. Vorverkefni hefjist 13. maí 2013. Starfsdagar kennara utan skólatíma verði 8 og skólaslit verði 29. maí 2013. Hjá 5. til 10. bekk er bætt við einni kennslustund á viku og næst þannig ein kennsluvika í viðbót. Reiknað er með að skóla verði lokið á mánudögum til fimmtudaga kl. 15.10 en á föstudögum verði skóla lokið kl. 14.20. Skóladagatal var endurskoðað í samræmi við álit mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Fræðslunefnd telur framkomnar beytingar á skóladagatali til bóta, sérstaklega að tómslundastarf sé komið inn í hefðbundinn skóladag. Fræðslunefnd samþykkir fyrirbyggjandi skóladagatal fyrir næsta skólaár.

Lagt var fram skóladagatal leikskóla skólaárið 2012-2013. Leikskóli hefst eftir sumarlokun þann 7. ágúst n.k. á starfsdegi. Sumarfrí leikskóla hefst svo 24. júní 2013. Skóladagatölin verða aðgengileg á heimasíðum skólana. Fræðslunefnd samþykkir fyrirbyggjandi skóladagatal fyrir næsta skólaár.

### 4. Kennslutundakvóti

Fræðslunefnd leggur til að kennslutundakvóti verði allt að 220 stundir á viku skólaárið 2012-2013.

### 5. Önnur mál.

Rætt var um starfsmannamál í leik- og grunnskóla.

Stefnt er að því að reikningar frá mótuneyti skólaárið 2011-2012 liggi fyrir á næsta fundi fræðslunefndar.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 23.05